

Auðveldari aðgangur að tímaritum

BLAÐIÐ 18. MAÍ 2005

„Við höfum hug á að innleiða vefgátt sem auðveldar fólki aðgang að rafrænum gögnum á bókasöfnum og gerir því kleift að leita í vefþækum gagnagrunnum og þá mörgum samtímis. Landsbókasafnið hefur umsjón með gagnaveitu, hvar.is, þar sem aðgangur fæst að meira en 8.000 rafrænum tímaritum. Vefgáttin sem við viljum koma á laggirnar mundi meðal annars veita aðgang að þessum tímaritum þannig að hægt sé að leita í þeim öllum í einu,“ segir Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna. „Þetta mundi auðvelða mjög vinnu hjá þeim sem vinna að rannsóknnum eða ritgerðarsmíðum.

Þá þarf ekki að fara inn á vefsíðu hvers einstaks tímarits eða útgefanda til að leita að greinum heldur fer maður á vefgáttina og finnur þar allt tiltækt efni eftir tiltekinn höfund. Þetta er eitt helsta verkefnið sem við viljum vinna í á árinu og koma í höfn á næsta ári,“ segir Árni. „Einnig erum við nú að vinna við að taka nýja útgáfu bókasafnskerfisins, gegnir.is, í notkun.“

Betri nýting á bókum

Meginverkefni Landskerfis bókasafna hefur fram að þessu verið að innleiða sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir sem flest bókasöfn í landinu, sem

eru um 400. „Nú eru það um 170 söfn og safnaútibú sem nota kerfið þannig að okkur miðar vel,“ segir Árni. „Einhverjir framhaldsskólar og stofnanir eiga eftir að koma inn í kerfið og þá verða söfnin um 200, eða helmingur allra safna á landinu. Þetta er raunhæft markmið en þau bókasöfn sem ekki nýta sér kerfið eru flest smá eða ekki í aðstöðu til að nýta sér það. Það er geysimikill fengur að þessu sameiginlega bókasafnskerfi, þægindin fyrir notendur eru mikil og kerfið hvetur til betri nýtingar á þeim bókum sem til eru í landinu.“ Að sögn Árna eru eintökin sem skráð eru í kerfið 2,9 milljónir, og útlán eru nú um 230.000

á mánuði, sem hlýtur að teljast ansi gott.

Vinsældalisti bókasafna

Fyrr á þessu ári sendi Landskerfi bókasafna frá sér lista yfir útlánahæstu bækur síðasta árs á bókasöfnum. Árni bendir á að taka verði listanum með fyrirvara. „Flest skólabókasöfn tóku kerfið ekki í notkun fyrr en í september 2004 og Borgarbókasafnið, sem er stórtækast í útlánum, tók kerfið í notkun í apríl. Þess vegna er árið ekki alveg marktækt en listinn verður áreiðanlegri næst.“